

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Fundur í stjórn Byggðasamlags um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu var haldinn í fundarsal Hnúkabyggð 33, Blönduósi, fimmtudaginn 4. mars 2021, kl: 14:15-

Mætt voru: Sigurgeir Þór Jónasson, formaður (Blb.), Einar Kristján Jónsson (Hvhr.), Anna Margret Sigurðardóttir (Blb), Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri brunavarna A-Hún., og Valdimar O. Hermannsson, sveitarstjóri Blönduósbæjar, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Einnig sat fundinn, Sverrir Þór Sverrisson, (Hvhr.) sem áheyrnarfulltrúi, en það var samþykkt af stjórn undir 1. lið á dagskrá.

Fundargerð:

Sigurgeir Þór setti fund, kl 14:15-, bauð fundarmenn velkomna til stjórnarfundar.

1. Erindi/bókun frá sveitarstjórn Húnavatnshrepps, dags 25/02. '21.

„Sveitarstjórn skipar frá og með 25. febrúar 2021, Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóra, sem fulltrúa Húnavatnshrepps í stjórn Brunavarna Austur-Húnavetninga í stað Sverris Þórs Sverrissonar. Jafnframt er þess óskað að Sverrir Þór Sverrisson, verði áheyrnarfulltrúi í stjórn Brunavarna.“

Stjórn bíður Einar Kristján velkominn í stjórn Brunavarna A-Hún., og samþykkir Sverri Þór sem áheyrnarfulltrúa á stjórnarfundum BAH, út núverandi kjörtímabil.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Fundargerð síðasta stjórnarfundar BAH, frá 29. janúar 2021 var lögð fram til undirritunnar en fundargerðin hafði áður verið send stjórnarmönnum, með breytingum frá SPS, í tölvupósti án athugasemda. Einar Kristján Jónsson, fulltrúi Húnavetnshrepps í stjórn Brunavarna, óskaði eftir því að eftirfarandi yrði bókað:

„Það er skilningur Húnavatnshrepps að sveitarstjóri Húnavatnshrepps hafi haft seturétt sem áheyrnarfulltrúi á stjórnarfundum Brunavarna Austur Húnavetninga, án þess að leita hafi þurft eftir því í hvert og eitt sinn. Þar sem æðsti embættismaður, annars aðildarsveitarfélags Brunavarna fékk ekki heimild til að sitja sem áheyrnarfulltrúi á fundi stjórnar þann 29. janúar 2021, vegna þess hafi Sverrir Þór Sverrisson, þáverandi, fulltrúi Húnavatnshrepps í stjórn Brunavarna yfirgefið fundinn.“

3. Minnisblað Péturs Valdimarssonar - Úttekt og skoðun á BAH.

Fyrir fundinum liggur minnisblað frá Pétri Valdimarssyni, sérfræðingi í brunavörnum samkvæmt samþykkt stjórnar frá 6. janúar 2021, og formlegu erindi frá 20/01. '21. Í minnisblaðinu er farið yfir þau 5 atriði sem stjórn lagði til grundvallar en þau voru:

1. **Mönnun** – hvaða reglur/viðmið gilda um mönnun slökkviliða eins og í A-Hún.
2. **Vaktaskylda** - gerð grein fyrir hertum reglum um vaktir og bakvaktir slökkviliða.
3. **Samrekstur/sameining** - hvaða reglur/viðmið gilda um samrekstur/sameiningu.
4. **Ákvæði í kjarasamningum** – hvað mun breytast á árinu 2021, er varða ráðningar
5. **Aðrar skyldur slökkviliða**, um búnað, húsnæði og mannafla sem huga þarf að

Byggðasamlag um brunavarnir í Austur-Húnavatnssýslu

Umræður urðu um minnisblaðið, meðferð þess og efni, en einnig var gerð grein fyrir viðbótarsvörum og viðbrögðum frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (**HMS**) sem ekki náðist að svara fyrir skil minnisblaðsins, og varðar viðmið vaktsvæða. Þá samþykkti stjórn að minnisblað yrði birt, sem fylgiskjal með fundargerð þessari.

4. Munnleg skýrsla slökkviliðsstjóra A-Hún., um stöður mála.

Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóra, fór yfir stöðu framkvæmda í slökkvistöð og önnur mál er varðar rekstur og starfsemi slökkviliðsins, s.s. æfingu í febrúar, bókleg próf liðsmanna, fyrirhugaða æfingu í reykjöfun í maí og í Blönduvirkjun. Ítarlegar mun verða fjallað um stöðu framkvæmda, áfallin kostnað og næstu skref í framkvæmdum á næsta fundi stjórnar sem verður væntanlega fyrir lok mars.

5. Önnur mál

- Einar Kristján Jónsson lagði fram nokkrar spurningar, um starfsemi slökkviliðsins, þar sem óskað er eftir að Ingvar Sigurðsson, slökkviliðsstjóri svari skriflega á næsta stjórnarfundum. *Spurningar verða sendar IS í tölvupósti.*
- Að loknum stjórnarfundum þá var farið í vettvangsskoðum í slökkvistöð og skoðuð núverandi staða á framkvæmdum, undir leiðsögn Ingvars Sig., slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið kl 14:45-

Sigurðinn Þór Jónsson,

Anna Margrét Sigurðardóttir,

Einar Kristján Jónsson,

Ingvar Sigurðsson,

Sverrir Þór Sverrisson

Valdimar O Hermannsson